

Nr. 7.  
25.  
maí.

## Boðskapur konungs

til  
alþingis.

**Christian hinn Níundi**, af guðs náð Danmerkur konungur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

Vora konunglegu kveðju!

Jafnframt og Vjer höfum veitt landshöfðingja Vorum vald til að setja alþingi það, sem nú á að koma saman, biðjum Vjer fulltrúa Íslands að taka á móti innilegustu óskum Vorum um, að starfi þeirra megi bera happasælan ávöxt fyrir land og lýð.

Með ánægju rennum Vjer huganum aptur til alþingis, er síðast var haldið. Þau hin mörgu mikilvægu lagaboð, sem það þá samþykkti, og sem Vjer, að einu undan teknu, öll höfum getað allramildilegast staðfest, er góður fyrirboði um, að stjórnarskráin 5. janúar 1874 muni verða undirrótin til árangursmikils samverknaðar milli alþingis og stjórnar Vorrar.

Í þeirri sannfæringu, að alþingi eigi síður en Vjer hafi allan hug á, að halda áfram á leið þá, sem svo vel er byrjuð, látum Vjer leggja fyrir alþingi, sem nú kemur saman, eigi all fá lagafrumvörp, og skulum Vjer meðal þeirra einkum geta þeirra, sem miða til að koma öðru skipulagi á skattamálin, sem svo lengi hefir verið fyrirhugað, og í sambandi við það búa undir endurskoðun á jarðamatinu.

Heitum Vjer alþingi hylli Vorri og konunglegri mildi.

*Ritað á Amalúborg, 25. dag maím. 1877.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

*Christian R.*

(L. S.)

*J. Nellemann.*

# Allerhøieste Budskab

til

Althinget.

Nr. 7.  
25de  
Mai.

**Christian den Niende,** af Guds Raade Konge til Danmark, de  
Venders og Gothers, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg  
og Oldenburg.

Vor Kongelige Hilsen!

Idet Vi have bemyndiget Vor Landshevdning til at aabne den forestaaende Samling af Althinget, bede Vi Islands Repræsentanter at modtage Vore hjærteligste Ønsker om, at deres Virksomhed maa bære heldbringende Frugter for Land og Folk.

Med Tilfredshed se Vi tilbage paa den forrige Samling af Althinget. Den Række af vigtige Love, som blev vedtagen i den, og som Vi, med en enkelt Undtagelse, alle have kunnet forsyne med Vor allerhøieste Stadfæstelse, afgive et godt Bær om, at Forfatningsloven af 5te Januar 1874 vil blive Kilden til en frugtbar Samvirken mellem Althinget og Vor Regjering.

Forvisset om, at Althinget ikke mindre end Vi nærer de varmeste Ønsker om at gaa videre paa den saaledes heldigen betraadte Vej, ville Vi paa det forestaaende Althing lade forelægge et ikke ringe Antal Lovforslag, blandt hvilke Vi fortrinsvis ville fremhæve dem, der sigte til at iværksætte den i saa lang Tid paatænkte Omordning af Skatteforholdene og i Forbindelse dermed forberede Revisionen af Jordernes Skyld sætning.

Vi forblive Althinget i Kongelig Raade bevaagen.

Givet paa Amalienborg, den 25de Mai 1877.

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

*Christian R.*

(L. S.)

*J. Nellesmann.*